

Föstudaginn 7. febrúar 1964.

Nr. 15/1964. **Ákærvaldið**
 gegn
Gísla Kárasyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál, Frávisunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins, sem fékk dómsgerðir sakadóms í hendur hinn 30. desember 1963, hefur með kæru hinn 31. s. m. skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tölulið 171. gr. laga nr. 82/1961, og bærust dóminum skjöl málsins hinn 23. janúar s.l. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða frávisunardómi verði hrundið, að málinu verði vísað heim í hérað til uppsögu efnisdóms og að ákærða verði dæmt að greiða kostnað kærumálsins.

Af hendi ákærða hafa dóminum eigi borizt kröfur né greinargerð.

Mál þetta er, eins og í héraðsdómi greinir, höfðað með ákæru saksóknara ríkisins 20. marz 1963 gegn ákærða fyrir að hafa annazt fólksflutninga með bifreið, er rúmar 32 farþega, án þess að hafa til þess sérleyfi ríkisstjórnar, sbr. upphafsákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 42/1956 og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 82/1956, og taka niðurlagsákvæði nefndra lagaboða um úrskurð ráðherra eigi til sakarefnis. Þegar af þeirri ástæðu verður hinn kærði frávisunardómur úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur. Er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms um sakarefni.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. október 1963.

Ár 1963, föstudaginn 18. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 6387/1963: Ákærvaldið gegn Gísla Kárasyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 20. marz 1963, höfðað gegn ákærða, Gísla Kárasyni bifreiðarstjóra, Mávahlíð 29, Reykjavík, fyrir að hafa frá 15. nóvember 1962 flutt daglega 5 daga vikunnar nokkra starfsmenn á Keflavíkurflugvelli frá Reykjavík að morgni til Keflavíkurflugvallar og til baka til Reykjavíkur síðdegis í bifreið sinni P 301, sem er 32 farþega bifreið, og tekið gjald, að upphæð kr. 44.00, fyrir hvern farþega fyrir ferðina fram og til baka milli nefndra staða án þess að hafa sérleyfi frá ríkisstjórninni til slíkra fólksflutninga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 1. gr. sbr. 9. gr. laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum nr. 42/1956 og 1. mgr. 1. gr. sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 22. gr. reglugerðar um sama efni nr. 82/1956.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar

Ákærði er fæddur 2. febrúar 1914 í Dældarkoti, Helgafells-sveit, Snæfellsnessýslu. Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki hlotið ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 23. nóvember 1962 kærðu sérleyfishafar á leiðinni milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar ákærða fyrir að hafa nokkru fyrir hafið reglubundnar ferðir 5 daga vikunnar á nefndri leið með 32 farþega fólksflutningabifreið, P 301. Töldu sérleyfishafar, að með háttsemi þessari hefði ákærði freklega brotið „sérleyfis-lögin“ og kröfðust þess, að ferðir hans yrðu tafarlaust stöðvaðar, en ekki kærðu þeir ákærða til refsingar. Nefndri kæru var beint til Póst- og símamálastjórnar. Lét sú stofnun taka skýrslu af ákærða, en sendi málið síðan sakadómi Reykjavíkur og fór þess á leit, að rannsakað yrði, hvort ferðir þær, sem um ræddi í kær-unni, væru þess eðlis, að þær brytu í bága við lög nr. 42/1956. Var þess óskað, að málið yrði að lokinni rannsókn sent Póst- og símamálastjórn.

Hinn 29. desember 1962 yfirheyrði rannsóknarlögreglan ákærða. Greindi hann svo frá, að hann hefði þá um nokkurt skeið unnið

við benzínafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli og jafnframt haft undir höndum bifreiðina P 301, sem gerð væri fyrir 32 faþega. Bifreið þessa sagði ákærði vera eign Bifreiðastöðvar Stykkishólms, en hann væri einn af eigendum stöðvarinnar. Hinn 15. nóvember 1962 kvað ákærði, að svo hefði um samizt milli hans og ferðafélagsins „Nýtt ferðafélag starfsmanna á Keflavíkurflugvelli“, að hann tæki að sér að flytja félagsmenn þess, sem hann taldi að væru 15, kvölds og morgna fimm daga í viku hverri á milli vinnustaða þeirra og heimila. Sagði ákærði fargjald hvers félagsmanns 44 krónur á akstursdegi, sem hann krefði þó ekki beint af hverjum farþega, en umboðsmaður félagsins gerði upp við hann daglega. Taldi ákærði, að þessi starfsemi bryti ekki í bága við lög nr. 42/1956. Einn félagsmanna nefnds ferðafélags, Jón Arngrímsson skrifstofustjóri, var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu. Var frásögn hans samhljóða framburði ákærða, nema hvað hann taldi félagsmenn 16 talsins. Jón Arngrímsson tók fram, að starfsmenn á Keflavíkurflugvelli hefðu a. m. k. tvö önnur ferðafélög, með svipuðu sniði og hér væri um að ræða. Taldi hann, að um mikla tímaeyðslu og aukakostnað starfsmanna yrði að ræða, þyrftu þeir að ferðast með áætlunarferðum sérleyfishafa, sem ekki flyttu þá að og frá heimilum og vinnustöðum, svo sem ákærði gerði. Að lokinni lögreglurannsókn, mun mál þetta hafa verið sent saksóknara ríkisins, sem höfðaði opinbert mál á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 20. marz 1963 og fyrr er rakið.

Áður en mál þetta var tekið til dómsrannsóknar, krafðist skipaður verjandi ákærða þess, að því yrði vísað frá dómi. Var frávísunarkrafan á því byggð, að flutningur ákærða á starfsmönnum milli heimila og vinnustaða félli ekki undir skýrgreiningu laga nr. 42/1956 og reglugerðar nr. 82/1956 um fólksflutninga með bifreiðum, sem sérleyfis eða hópferðaleyfis þyrfti til, þar sem ekki væri um auglýstar ferðir að ræða, fastar ferðir eða áætlunarferðir fyrir almenning, né einstök sæti seld í ferð. Taldi verjandi með vísan til niðurlagsákvæðis 1. mgr. 1. gr. laga nr. 42/1956, að um væri að ræða skýrgreiningu eða matsatriði, sem félli ekki undir lögsögu þessa dómstóls, en lyti úrskurðarvaldi „æðsta stjórnarvalds þjóðarinnar í samgöngumálum“.

Af ákæruvaldsins hálfu var frávísunarkröfunni mótmælt og þess krafizt, að henni yrði hrundið. Var mótmælakrafan á því byggð, að úrskurðarvald ráðherra næði einasta til bifreiða, sem rúmuðu 3—8 farþega, og því til stuðnings m. a. skírskotað til þróunar laganna og umræðna á Alþingi. Enn fremur var vitnað

til dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 130/1958: Ákærvaldið gegn Ragnari Jónssyni, en ekki verður séð, að frávísunarkrafa hafi komið fram í því máli.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 42/1956 er skýrgreint, hvað teljast skuli áætlunarferðir „í lögum þessum“. Í beinu framhaldi af því segir: „Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.“ Háttsemi ákærða er samkvæmt ákæruskjali m. a. talin varða við 8. gr. reglugerðar nr. 82/1956, en þar er lagt bann við, að aðrir en sérleyfishafar haldi uppi fólksflutningum á sérleyfisleið eða kafla úr henni „eftir föstum áætlunum“, nema að hafa til þess undanþágu frá ráðherra samkvæmt 4. gr. sömu reglugerðar. Í saka-máli gegn ákærða þykir varhugavert að skýra ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 42/1956 svo þröngt og ákærða í óhag, að ferðir þær, sem ákært er vegna og hann telur sjálfur hvorki vera fastar ferðir né áætlunarferðir, hljóti að vera undanþegnar úrskurðarvaldi ráðherra samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 42/1956 og ákærði þannig firrtur rétti til að leita slíks úrskurðar. Úrskurður ráðherra liggur ekki fyrir, og ber því að svo vöxnu máli að vísa máli þessu frá dómi.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Inga R. Helgasonar héraðsdómslögmanns, krónur 2.000.00.

Dómsorð:

Framangreindu máli vísast frá sakadómi Reykjavíkur.

Allur kostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun Inga R. Helgasonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.
